

Fimmtudaginn 30. janúar 1997.

Nr. 374/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Þjófnaður. Ítrekun. Vanaafbrotamaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun með stefnu 2. október 1996. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst þess, að sér verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfa.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður að líta til ákvæðis 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk alls þess, sem greinir í héraðsdómi. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. september 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 24. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 599/1996: Ákærvaldið gegn Sigurði Hólm Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 20. sama mánaður.

Málið er höfðað með tveimur ákærum ríkissaksóknara, hinni fyrri dagsettri 30. júlí sl. á hendur ákærða, Sigurði Hólmi Sigurðssyni, Yrsufelli 5, Reykjavík, kt. 010563-2839, „fyrir tilraun til þjófnaðar með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 27. apríl 1996 brotist í þjófnaðarskyni inn í söluturn í Höfðatúni 10, Reykjavík, en horfið af vettvangi, er þjófavarnarkerfi söluturnsins fór í gang.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Í öðru lagi er málið höfðað með ákæru, dagsettri 6. þ. m., á hendur Jóhönnu Rut Birgisdóttur, Laugavegi 28, kt. 140670-5109, og Sigurði Hólmi Sigurðssyni, Asparfelli 4, kt. 010563-2839, báðum til heimilis í Reykjavík, „fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda 29. og 30. júní 1996:

I.

Ákærða, Sigurði Hólmi, er gefið að sök að hafa laugardaginn 29. júní brotist inn í húsið nr. 16 við Samtún í Reykjavík og stolið ýmiss konar rafmagnstækjum og skartgripum, samtals að verðmæti um 455.000 kr.

II.

Ákærðu er gefið að sök að hafa stolið í félagi samtals 59.000 kr. af reikningi Kristlaugar Ólafsdóttur, kt. 140122-3519, nr. 2703, hjá Íslandsbanka, Dalbraut 10, Reykjavík, með því að nota debetkort Kristlaugar og leyninúmer reikningsins, sem ákærði Sigurður Hólmi hafði komist yfir með þjófnaðinum samkvæmt ákæruliði I, til úttektar af reikningnum á eftirgreindum stöðum:

1. Í hraðbanka á Íslandsbanka á Seltjarnarnesi 29. júní 30.000 kr.
2. Í hraðbanka á Íslandsbanka á Ísafirði 30. júní 23.500 kr.
3. Í sjálfsala á ótilgreindri bensínstöð 29. júní 5.500 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Í málinu er af hálfu Sævars Hafsteins Jóhannssonar, kt. 160649-3428, krafist skaðabóta, 455.000 kr.“.

Þáttur Jóhönnu Rutar Birgisdóttur hefur verið skilinn frá málinu með heimild í 24. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Málavextir.

Fyrri ákæra.

Ákærði var handtekinn berfættur á hlaupum frá söluturninum í Höfðatúni 10 aðfaranótt laugardagsins 27. apríl sl., eftir að þjófabjalla hafði farið að hringja. Viðurkennir hann að hafa farið inn um glugga á söluturninum, en farið út aftur, þegar bjallan tók að hringja. Fyrir dómi hefur hann sagt,

að hann hafi átt vídeótæki og nokkrar spólur þarna inni. Hefði hann látið eiganda söluturnsins fá þessa muni á sínum tíma, en maðurinn ekki verið búinn að greiða sér fyrir þá, og því hafi hann ætlað að sækja þá. Glugginn hafi verið í hálfu gátt og hann ekki þurft að spenna hann upp. Ákærði kveðst hafa verið í viðskiptum við manninn, enda búið á Skúlagötu, þegar þetta varð. Meðal gagna málsins er skýrsla ákærða hjá rannsóknarlögreglu 27. apríl sl. Er þar skráð eftir honum, að hann hafi reynt að fara inn í „sjoppuna“ fyrir einhvern annan, sem hefði átt muni þessa og ákærði nafngreindi ekki. Hefði hann átt að fá eitthvert lítilræði fyrir að brjótast inn. Hann segir skýrslu þessa ekki vera rétta að því leyti, sem hún fari í bága við dómskýrslu sína. Hafi rannsóknarlögreglumaðurinn ritað skýrsluna í flýti.

Fyrir dóminn hefur komið vitnið Jóhann Ingvason, eigandi húsnæðisins í Höfðatúni 10. Hann kveðst hafa keypt rekstur söluturnsins, sem þarna hefur verið rekinn. Enginn rekstur hafi verið byrjaður, þegar brotist var inn 27. apríl sl., og hafi hann legið niðri frá því í janúar. Hafi hann og aðrir verið að undirbúa að opna söluturninn og söluvarningurinn verið í kössum þar inni. Engin myndbandstæki eða spólur hafi verið þarna inni á þessum tíma, því að fyrri eigandi hafi verið búinn að fjarlægja allt sitt. Sá hefði ekki verið með vídeóleigu. Aftur á móti kveðst hann vita, að þarna hefði verið sjónvarp, en hann ekki orðið var við, að maðurinn hefði verið þarna með myndbandstæki. Kveðst hann hafa verið vel kunnugur rekstrinum, því að hann hafi komið þarna oft sem húseigandi. Hann kveður mann þennan heita Anton Traustason.

Ákærði og vitnið þekkjast ekki í sjón, og ákærði kveðst ekki kannast við Anton þennan.

Niðurstaða.

Ákærði hefur verið óstöðugur í skýrslum sínum, og eru viðbárur hans auk þess ótrúlegar. Þykir ekki varhugavert að telja, að hann hafi smogið inn í húsnæðið í þeim tilgangi að stela þar verðmætum. Hefur hann orðið sekur um þjófnaðartilraun og brotið gegn 244., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en síðarnefnd lagagrein hefur fallið niður í ákæru.

Síðari ákæra.

I. Ákærði hefur skýlaust játað það atferli, sem hann er saksóttur fyrir í I. kafla ákæru. Hefur hann brotið það lagaákvæði, sem tilfært er í ákærunni. Það athugast, að ákærði braust inn í Miðtún 16, en ekki Samtún 16, eins og segir í ákæru og einnig hefur misritast í þingbók. Það kemur þó ekki að sök, sbr. 1. mgr. 117. gr. oml.

Ákærði hefur samþykkt skaðabótakröfu Sævars Hafsteins Jóhannssonar, og ber að dæma hann til þess að greiða Sævari Hafsteini 455.000 krónur.

II. Fyrir liggur, að ákærði braust inn í íbúðarhúsið Samtún 40 laugardaginn 29. júní sl. og stal þar m. a. seðlaveski húsráðanda, skilríkjum og debetkorti. Hann er þó ekki ákærður fyrir innbrot þetta, og það athugast, að í II. kafla ákærunnar er ranglega vísað til innbrotsins í I. kafla hennar. Þá er þess að geta, að fallið hefur verið frá ákæru á hendur honum fyrir að vera aðalmaður í brotunum með debetkortinu, og er hann saksóttur sem hlutdeildarmaður Jóhönnu Rutar, að því er varðar verknaðinn í 2. tl. kaflans, og óþekktra manna, að því er varðar verknaðina í 1. og 3. tl. kaflans.

Ákærði neitar þessari sök og segist ekki hafa komið nálægt því að nota debetkort Kristlaugar. Hann hafi hins vegar látið Jóhönnu Rut hafa það og viti ekki, hvað hún hafi gert með kortinu. Hafi hann gert þetta „með því hugarfari“, að hún skilaði kortinu réttum eiganda, og hafi hann beðið hana að gera það. Meðal sakargagna er skýrsla, sem ákærði gaf hjá RLR 4. júlí sl. Er þar skráð eftir honum, að hann hafi látið Jóhönnu Rut fá kortið „af einskærri greiðasemi“. Hefur hann gefið þá skýringu á þessu, að hann hafi verið í „neyslu“ og rugli, þegar hann gaf skýrsluna, en hann vilji nú, að hið rétta komi fram. Hann segist hafa fengið Jóhönnu leyninúmerið með kortinu, og muni það hafa verið í einhverju umslagi.

Niðurstæða.

Ákærði neitar eindregið sök í málinu, og Jóhanna Rut Birgisdóttir hefur ekki komið fyrir dóm í því. Þá er marget á huldu um þetta sakarefni. Verður ákæruvaldið að bera hallann af því, og telst ósannað gegn neitun ákærða, að hann hafi átt refsiverðan þátt í því, að debetkortinu var notað til þess að stela fé af bankareikningi Kristlaugar Ólafsdóttur. Er hann því sýknaður af þessum kafla ákæru.

Refsing, sakarkostnaður.

Ákærði á að baki sér langan feril afbrota. Frá árinu 1979 hefur hann hlotið 30 refsidóma. Hefur honum verið gerð tæplega 14 ára refsivist í þessum dómum. Þá hefur hann verið sektaður nokkrum sinnum, ýmist fyrir ölvun, fíkní- eða umferðarlagabrot. Mánuði eftir að hann var dæmdur í 15 mánaða fangelsi, framdi ákærði fyrra brotið, sem hann er nú dæmdur fyrir. Er fyrir löngu fullreynt, að hann lætur ekki skipast við refsingu, og ekki til annars að líta en hagsmuna almennings af því að hafa hann óskaðlegan. Með sérstakri skírskotun til 255. gr. almennra hegningarlaga er refsingin ákveðin fangelsi í þrjú ár. Frá henni ber þó að draga 10 daga gæsluvarðhaldsvist, sem ákærði sætti vegna málsins.

Dæma ber ákærða til þess að greiða 20.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni hrl., 20.000 krónur í málsvarnarlaun, en 20.000 krónur í málsvarnarlaun verjandans greiðist úr

ríkissjóði. Annan sakarkostnað greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni dregst 10 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði greiði Sævari Hafsteini Jóhannssyni 455.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði 20.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni hrl., 20.000 krónur í málsvarnarlaun. Verjandanum greiðist 20.000 krónur í málsvarnarlaun úr ríkissjóði. Annan sakarkostnað greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.
